

Nr. 10/1901.

Kristján Hallgrímsson  
 gegn  
 Gísla Eiríkssyni.

## D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í héraði af fyrverandi pósti Gísla Eiríkssyni gegn veitingamanni Kristjáni Hallgrímssyni á Seyðisfirði til borgunar á 30 kr. fyrir ferð, sem Gísli þykist hafa farið frá Seyðisfirði til Norðfjarðar fyrir tilstilli áfrýjanda í þarfir þrotabús W. G. Spence Patersons konsúls, en áfrýjanda hafði verið falið ásamt 2 öðrum mönnum að aðstoða skiftaráðanda við meðferð og stjórn netnds bús. Var málinu ráðið til lykta með dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu uppkveðnum 14. maí f. á. á þá leið, að Kristján Hallgrímsson skyldi greiða Gísla Eiríkssyni 30 kr. með 5% vöxtum p. a. frá 15. desbr. 1899 uns borgað væri og 5 kr. í málskostnað, ef Gísli löglega synjandi fyrir það með eidi, að hann hefði heimilað, að nafn hans væri skrifað undir kvittun þá, sem rituð er á reikning þann, er fram er lagður í máli þessu í undirréttinum sem réttarskjal nr. 4, en ef Gísli eigi ynni synjunareid þannan, átti Kristján Hallgrímsson að vera sýkn af kröfum hans í málinu, og Gísli skyldi þá greiða honum 5 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Kristján Hallgrímsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 21. febr. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt á þá eid, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu,

og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eftir réttarins mati.

Stefndi Gísli Eiríksson hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt hann sé löglega stefndur, og verður því að dæma málið eftir hinum framkomnu gögnum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Ferð sú, sem stefndi krefst borgunar fyrir í þessu máli, var farin, eins og áður er tekið fram, í þarfir þrotabús V. G. Spence Patersons, en í stjórn þess voru, auk skiftaráðanda, sem aðstoðarmenn hans 3 menn og áfrýjandinn einn af þeim. Stefndi hefir nú eigi sannað, að hann eigi aðgang að áfrýjanda sérstaklega um borgun fyrir ferð þessa, sem auðvitað var gerð á kostnað búsinns — hvorki fyrir það, að áfrýjandi hafi ráðið hann til ferðarinnar, sem áfrýjandi hefir neitað að hafa gert fremur en hinir aðrir meðstjórnendur búsinns — né fyrir það, að áfrýjandi hafi tekið á sig sérstaklega ábyrgð á borguninni til stefnda fyrir ferðina. Það verður því eigi litið svo á, að stefndi hafi haft neitt til efni til að ætla, að hann gæti beint borgunarkröfunni að öðrum en þrotabúinu eða skiftaráðanda. Það verður því að sýkna áfrýjanda algjörlega í málinu. Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Kristján Hallgrímsson skal vera



sýkn af kröfum stefnda Gísla Eiríkssonar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Nr. 22/1901. Ríttstjóri Þorvarður Þorvarðarson.  
 gegn  
 rektor Birni M. Ólsen.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í héraði af rektor latínuskólans Birni M. Ólsen eftir skipun landshöfðingja með gjafsókn og skipuðum talsmanni gegn ritstjóra blaðsins »Reykjavík« Þorvarði Þorvarðarsyni, fyrir meiðandi og móðgandi ummæli um hann í 1. árg. 25. tölublaði nefnds blaðs, sem út kom 7. nóv. f. á. Var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 21. marz þ. á. með þeim úrslitum, að stefndi Þorvarður Þorvarðarson skyldi greiða 40 kr. sekt til landssjóðs, en til vara var hann dæmdur í 10 daga einfalt fangelsi. Svo voru nokkur hinna átöldu ummæla dæmd dauð og ómerk og stefndi skyldaður til að greiða stefnanda málskostnað með 20 kr., þar í talin málflytningislaun 12 kr. til hins skipaða málfærslumanns stefnanda, Einars yfirréttarmálaflutningsmanns Benediktssonar.

Þessum dómi hefir Þorvarður Þorvarðarson áfrýjað til landsyfíréttarins með stefnu, dags. 29. apríl þ. á., og krafist, að hann verði alsýknaður af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan.